

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr., og greiddast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofulíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og itrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. nóvember 1973.

Nr. 330.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð til stuðnings menntastofnunar á Ísafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. nóvember 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Sjóðs til stuðnings menntastofnunar á Ísafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjóður til stuðnings menntastofnunar á Ísafirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Kristínu S. Kristjánsdóttur og Jóni Guðjónssyni, fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði, á Sjómannadaginn 4. júní 1972.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 507 315,30 — fimmhundruð og sjöþúsund þrjúhundruð og fimmtán krónur 30/100 —. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er honum kunna að áskotnast. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt eftir ráðstöfun sjóðsstjórnarinnar.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna stjórn og skipa hana fulltrúar eftirtaldrar samtaka og skólaflokkana á Ísafirði:

Alþýðusamband Vestfjarða, Sjómannadagsráð Ísafjarðar, Útvegsmannafélag Vestfjarða, Menntaskólinn á Ísafirði og Sjómannaskólinn á Ísafirði.

Meðan sérstakur sjómannaskóli er ekki starfandi á Ísafirði, skal sæti skólans í sjóðsstjórninni skipað fulltrúum þeirrar skólaflokkunar bæjarins, sem hefur sjómannafræðslu á námsskrá sinni.

Stjórnin kys sér formann, og skal hann jafnframt vera reikningshaldari sjóðsins. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fyrir sjóðsstjórnina fyrir Sjómannadag ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir af bæjarstjórnunum á Ísafirði og Skattstjórnunum í Vestfjarðaumdæmi.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins og ályktanir sjóðsstjórnar.